

Bæjarstjórn Garðabæjar 31.mái,2016
b.t. Gunnar Einarsson,bæjarstjóri

Styrkur vegna vinabæjamóts.

Í rúmlega 40 ár hafa Norræna félagið og bæjaryfirvöld haft gott samstarf um að halda tengslum við vinabæi Garðabæjar.

Bæjaryfirvöld hafa styrkt Norræna félagið m.a. til að senda fulltrúa á vinabæjamót og greitt allan útlagðan kostnað ,þegar mótin hafa verið haldin í Garðabæ.Vinnuframlag hefur komið frá Norræna félaginu.

Þann 30.júní n.k. hefst vinabæjamót í Jakobsstad í Finnlandi.

Norræna félagið sækir hér með um styrk að upphæð kr 600 þúsund bæði til að greiða kostnað við þátttöku í mótinu,ferðakostnað og til annars rekstrarkostnaðar.

Þrír myndlistarmenn frá Garðabæ munu verða með sýningu í Jakobstad meðan á mótinu stendur.Hafi þeir ekki nú þegar fengið styrk vegna þessa verkefnis frá Garðabæ tel ég að styrkur til þeirra gæti verið innifalinn í væntanlegum styrk bæjarins til Norræna félagsins,enda eru þeir félagsmenn hjá okkur.

Með bestu kveðju

Hilmar Ingólfsson,formaður Norræna félagsins í Garðabæ

